

Fundur haldinn í stjórn Grímshaga ehf á Hvanneyri 1. Október 2013.

Mætt eru: Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Þorvaldur T. Jónsson og Lárus Pétursson.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Rekstartölur. Lárus lagði fram rekstraruppgjör janúar – júlí. Tap er á rekstrinum á tímabilinu. Rætt um stöðu búsins, skammtímaskuldir eru talsverðar og sú hugmynd kemur m.a. upp að selja fullvirðisrétt og nýta söluandvirðið til að greiða niður skuldir. Einnig að gera þurfi greiningu á kostnaði og arðsemi við einstaka þætti búrekstrarins. Stefnt að því að nánari upplýsingar um reksturinn liggir fyrir í lok október.
2. Erindi frá kennurum á Hvanneyri. GS gerði grein fyrir fundi sem hún átti með kennurum á Hvanneyri um kennsluástöðu og samstarf við Grímshaga ehf. Þar komu fram ýmsar ábendingar um það sem þeir telja megi betur fara í búrekstrinum og það sjónarmið að ef búreksturinn á að nýtast til kennslu verði allir þættir rekstrarins verði að vera til fyrirmyndar.
3. Undirbúningur fundar um stefnumótun. Rætt um að hafa stjórnarfund með faghópi og e.t.v. fleirum til að ræða hlutverk og stöðu búrekstrarins í tilrauna- og kennslustarfi. Stefnt að því að fundurinn verði í nóvember.
4. Önnur mál. Engin.